

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um að leita til Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna útsvars á fjármagnstekjur

Borgarstjórn samþykkir að fela þeim borgarfulltrúum sem sitja fyrir hönd Reykjavíkurborgar í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga (hér eftir Sambandsins) að leggja fyrir stjórn þess, tillögu um álagningu útsvars á fjármagnstekjur. Tillagan er sem hér segir; Borgarstjórn Reykjavíkurborgar leitar hér með til hinna sveitarfélaganna í landinu með það að markmiði að mynda samstöðu um að útsvar verði lagt á fjármagnstekjur með lögum frá Alþingi. Öfugt við launatekjur bera fjármagnstekjur ekkert útsvar og hér er því um gríðarlega fjármuni að ræða fyrir sveitarfélögin. Þar sem sveitarfélög geta ekki lagt á umrædda skatta án laga frá Alþingi, er lagt til að tillagan verði tekin fyrir innan Sambandsins. Hlutverk þess er meðal annars að sinna hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin gagnvart ríkisvaldinu, og öðrum innlendum aðilum. Þá mótast Sambandið einnig stefnu sveitarfélaganna til einstakra mála og hefur því nán samskipti við ríkisstjórn og Alþingi. Náð tillagan brautargengi innan Sambandsins er lagt til að unnið verði að því að koma tillögunni til framkvæmdar og að sveitarfélögin verði jafnframt upplýst um framgang mála.

Greinargerð:

Sveitarfélögin sinna verkefnum af ýmsum toga, þar sem þeim er m.a. falið að uppfylla skyldur á sviði skólamála, kjara- og starfsmannamála og umhverfis- og tæknimála. Þá bera sveitarfélögin einnig ábyrgð á því að veita ýmis konar félagsþjónustu, sinna málefnum er falla undir lýðræði og mannréttindi, skipulags- og byggðamál og stjórnsýslu svo að fleiri dæmi séu nefnd. Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaganna og er dregið af launum launafólks. Fjármagnstekjur bera hinsvegar ekkert útsvar ólíkt launatekjum. Tekjur hinna allra auðugustu eru að miklu leyti fjármagnstekjur og greiða þeir aðilar því ekki sama hlutfall af tekjum sínum til sveitarfélaganna sem þeir búa í, líkt og launafólkið. Hafi einstaklingur einungis fjármagnstekjur en engar launatekjur greiðir viðkomandi ekkert útsvar til viðkomandi sveitarfélags sem hann býr í. Þ.e.a.s. viðkomandi greiðir því ekki í sameiginlegan sjóð borgar eða bæjar líkt og launafólk viðkomandi sveitarfélags. Til að vinna gegn þessu ósamræmi í skattlagningu og til að efla tekjustofna sveitarfélaganna er mikilvægt að leggja útsvar á fjármagnstekjur. Þannig má styrkja borgarsjóð og þar með borgina svo að hún hafi burði til að sinna öllum þeim verkefnum er koma inn á hennar borð og þannig getur hún veitt sem bestu þjónustuna. Markmið þessarar tillögu snýr að því að efla tekjustofna sveitarfélaganna og koma á réttlátara skattkerfi í gegnum álagningu útsvars á fjármagnstekjur. Hlutverk Sambandsins er að vinna að eflingu íslenskra sveitarfélaga og að hvers konar hagsmunamálum þeirra. Þá snýr tilgangur Sambandsins m.a. að því að vera sameiginlegur málsvári sveitarfélaganna í landinu og að vinna að sameiginlegum hagsmunum þeirra og samstarfi. Því er lagt til að unnið verði að framkvæmd tillögunnar á borði Sambandsins.